

FERÐIR

FIMMTUDAGUR 29. NÓVEMBER 2012

Kynningarblað

Skemmtisiglingar
Kínaferðir
Evrópuferðir
Akureyri og
aðventuviðburðir
á landsbyggðinni



2. janúar Kanarí

frá aðeins kr.

89.300 með gistingu
í 13 nætur.

Einstakt tækifæri!

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólna á Kanaríeyjum þann 2. janúar í 13 nætur á frábæru tilboði. Í boði er m.a. frábær sértillboð á hinu vinsælu íbúðarhótelum Dorotea og Roque Nublo. Ekki missa af þessu einstaka tilboði.

Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði. Verð getur hækkað án fyrirvara!

Kr. 89.300 – Dorotea

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 2 svefnherbergjum á Dorotea í 13 nætur.

Verð m.v. 4 fullorðna í íbúð með 2 svefnherbergjum kr. 94.800 á mann.

Verð m.v. 2 fullorðna í íbúð með 2 svefnherbergjum kr. 122.200 á mann.

Kr. 119.900 – Roque Nublo

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í 13 nætur.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

 **Heimsferðir**

Staldrað við um stund í paradís

Heimurinn er fullur af ómótstæðilegum áfangastöðum. Úrval Útsýn býður upp á fjölbreytta flóru ferða um heimsins höf og til framandi staða sem allir eiga sameiginlegt að stela hjarta ferðalangans. Kjörorðin eru mannlíf, menning, slökun og hamingja.

Ása María Valdimarsdóttir þekkir fegurstu leyndardóma heimsins betur en margur enda víðförull fararstjóri sem byrjaði ferilinn hjá Ingólfi Guðbrandsyni í Útsýn snemma á níunda áratugnum. „Ég hef alltaf jafn gaman af fararstjórn og minn stíll er að leyfa fólki að staldra við, njóta og horfa í kringum sig. Sumir staðir eru einfaldlega svo heillandi að maður tímir helst ekki að kveðja.“

Stærsta skemmtifley heims

Ása María hefur sett saman mýmargar ferðir sem sameina mannlíf og menningu ásamt starfsfólki Úrvals Útsýnar. Á nýrinu eru tvær freistandi glæsisiglingar fram undan.

„Þá leggjumst við í flakk á flottustu skemmtiferðaskipum heims. Skipin eru fljótandi hótél með öllum lífsins lystisemdum um borð og sannkallað lúxuslíf og dekur. Í febrúar siglum við með glæsifleyinu Oasis of the Seas frá Fort Lauderdale yfir til Haítí, Jamaíku og Mexíkó. Skipið er stærsta skemmtiferðaskip heims með 2.000 manna áhöfn og 6.000 farþegum.“

Önnur sigling á ekki síður glæstu skipi verður farin í apríl.

„Þá fljúgum við til Dubaí og siglum á Serenade of the Seas alveg ævintýralega fallega leið í gegnum Súez-skurðinn meðfram Egyptalandi og Alexandríu niður til Barcelona. Fleiri siglingar eru fyrirhugaðar á nýja árinu og má nefna siglingu um Miðjarðarhafið í ágúst; frá Róm til Grikklands með viðkomu á grísku eyjunum.“

Töfrar Kína

Í júní fer Úrval Útsýn á framandi vit töfralandsins Kína.

„Þar heimsækjum við sögufræga staði sem flestir vilja upplifa á ferðalagi um Kína; Peking, Sjanghæ, Terracotta-herinn og meira að segja Hong Kong. Að nema land í Kína er eins og að koma í annan heim og upplifunin ólýsanleg.“ segir Ása María en fararstjóri verður kínversk stúlka búsett á Íslandi.

Fegurstu staðir Evrópu

Á teikniborði Ásu Maríu eru sérferðir til margra af fegurstu stöðum Evrópu.

„Þar má nefna rómantíska vorferð til Mið-Evrópu þar sem dýrlegt er að sjá náttúruna vakna áður en vorid birtist hér. Við dveljum í yndislegu þorpi í Ölpunum og könnum hvort beljurnar með bjöllurnar séu komnar út og förum að paradísinni Bodenvatni sem að liggja landamæri Þýskalands, Austurríkis og Sviss.“ segir Ása María sem hvarvetna leggur mikið upp úr góðum hótélum og aðbúnaði.

„Allt eru þetta sérvaldir áfangastaðir sem kalla á streitulaust líf og þar sem fólk þráir að staldra við lengur til að upplifa og njóta fegurðar og mannlífs.“

Fleiri Evrópuferðir verða farnar á árinu; meðal annars á vínhátíð í Mósél.

„Vínviður er fiskur Móseldalsins og þar ætlum við að vera á mjög góðu hóteli í sex daga og taka þátt í hátíðarhöldunum og svipast um í nágrenninu.“



Starfsfólk framleiðslu- og hópadeildar Úrvals Útsýnar, Ingibjörg Elsa Eysteinsdóttir, Ása María Valdimarsdóttir og Lára Birgisdóttir.

MYNDVALLI

Ekki bara Derrick og BMW

Í borgarferðum bætist nú við þýska heimsborgin München.

„München er ein af mínum uppáhaldsborgum en þar snýst lífið ekki bara um bjór, bolta, Derrick og BMW. Borgin geymir mikla sögu og upphaf nasismans, lit-

ríkt mannlíf og stutt er í frægar hallir og töfrandi áfangastaði,“ segir Ása María sem heldur einnig upp á Berlín, Dublin og Brighton sem allar eru á lista yfir borgarferðir Úrvals Útsýnar.

Nánar um allar ferðir Úrvals Útsýnar má sjá á www.uu.is.

JEPPEDEKK

fyrir flestar stærðir jeppa og jepplinga



Vönduð amerísk heilsársdekk

- stærðir 31- 44 tommur
- slitsterk
- neglanleg
- má míkroskera
- frábært veggrip

Gott verð!

Skjót og góð þjónusta!

Dekkjaverkstæði á staðnum. Bjóðum alla almenna dekkþjónustu.

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

Skilja gæludýrin eftir á Kanarí

4.500 gæludýr voru skilin eftir af eigendum sínum á Kanaríeyjum á síðasta ári.

Þessi fjöldi er þau dýr sem finnast og eru flutt í sérstakt dýraathvarf norðarlega á Kanarí. Miklu fleiri dýr eru skilin eftir sem eru á flækningu um eyjuna.

Fleiri hundar ganga lausir á Kanarí en á nokkrum öðrum stað á Spáni. Í dýraathvarfinu er reynt að koma dýrunum fyrir á heimilum. Í fyrra tókst að koma um 1.500 köttum og hundum fyrir hjá fjölskyldum sem óskuðu eftir að fóstara dýrin.

Dýr sem enginn vill taka að sér þarf að aflífa eftir nokkrar vikur í athvarfinu. Það er nauðsynlegt til að hægt sé að hafa eftirlit með öllum þessum dýrum, auk þess finnast sífellt fleiri dýr og plássíð er fljótt að fyllast.

Félag dýralækna í Las Palmas hefur látið gera heimildarmynd um athvarfið Bañaderos til að vekja fólk til umhugsunar um heimilisláusu dýrin og ábyrgð á dýrahaldi.

Spánverjar af meginlandinu koma mikið til Kanarí yfir vetrarmánuðina og taka þá gæludýrin með sér. Sömuleiðis kemur fjöldi manna frá öðrum Evrópuríkjum og Norðurlöndum.

Samkvæmt reglum EB sem tóku gildi í janúar á þessu ári er heimilt að ferðast með gæludýr sem hafa ferðapassa. Dýrið



Dýralæknar á Kanaríeyjum hafa útbúið sérstaka heimildarmynd vegna allra þeirra gæludýra sem eru skilin eftir á eyjunni.

þarf að hafa gengist undir bólu-setningar en gæludýravegabréfið staðfestir það.

Kanaríeyjar auglýsa að gæludýr séu velkomin. Eigendur dýranna verða þó að huga að reglum hótela áður en lagt er af stað

með dýrin í ferðalag. Gæludýravegabréfið er ekki orðið að veruleika hér á landi en Helgi Hjörvar alþingismaður hefur lagt fram frumvarp þess efnis og vonast til að það verði samþykkt innan tíðar.



HÖRFÐU Á ÞÁTTINN 7. DES

SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI Í OPIÐNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2

HÉR FÆRÐU RAUÐU NEFIN: Hagkaup, Bónus, MP banki, Te og Kaffi, Domino's.

www.unicef.is

Jólagjafabréf

„Þú greiðir ákveðna
upphæð, en færð herra
andvirði í ferð!“ *



Þú greiðir
5.000 kr
en færð
7.000 kr
gjafabréf í ferð!

Þú greiðir
10.000 kr
en færð
15.000 kr
gjafabréf í ferð!

Þú greiðir
20.000 kr
en færð
30.000 kr
gjafabréf í ferð!

Þú greiðir
85.000 kr
en færð
100.000 kr
gjafabréf í ferð!

TILBOÐINU LÝKUR 24. DESEMBER

ÚRVAL-ÚTSÝN 



Jólabsar verður í Félagshúsi á Flateyri sunnudaginn 2. desember.



Laufabrauð hefur verið skorið fyrir jólin gegnum aldirnar. Í Gamla bænum í Laufási í Eyjafirði verða handtökin við undirbúning jólaanna á árum áður sýnd um helgina.



Fjölskyldudagskrá verður í Mývatnssveit á aðventunni. Jólaveinarnir verða á ferðinni í Dimmuborgum og opið verður í handverkshúsinu Dyngjunni.

Land lagt undir fót

Víða um land eru skemmtilegir viðburðir á dagskrá á aðventunni. Upplýsingar um viðburði er að finna á heimasíðum sveitarfélaganna. Eftirfarandi er einungis brot af því sem um er að vera um helgina.

Borgarbyggð:

Leikdeild Ungmennafélagsins Íslendinga hefur sett upp gamanleikritið Smáborgarbrúðkaup eftir Bertolt Brecht að Brún í Bæjarsveit í leikstjórn Ingrid Jónsdóttur. Næstu sýningar verða föstudaginn 30. nóvember og sunnudaginn 2. desember. Viðburðinn má skoða á Facebook.

Bræðurnir Ómar og Óskar Guðjónssynir halda tónleika í Landnámssetrinu þann 3. desember. Brasilfski söngvarinn og gítarleikarinn Ife Tolentino syngur með Óskari eftir hlé.

Egill Ólafsson kemur fram með Freyjukórnum á tvennum jólatónleikum um helgina. Fyrri tónleikarnir verða laugardaginn 1. desember í Hjálmakletti en þeir síðari 2. desember í Reykholtskirkju. Sungin verða íslensk og erlend jólalög.

Norðurland:

Gamli bærinn í Laufási verður opinn milli klukkan 13.30 og 16 sunnudaginn 2. desember. Dagskráin hefst á jólasöng í kirkjunni og svo munu handverksmenn og -konur sýna

hvernig jólaundirbúningurinn fór fram á öldum áður í Gamla bænum. Þá verður einnig handverksmarkaður í bænum og veitingasala.

Í Dimmuborgum í Mývatnssveit verður dagskrá fyrir alla fjölskylduna um helgina. Jólaveinarnir verða á ferðinni, opið verður í handverkshúsinu Dyngjunni og hægt að fá sér gott í gogginn á Kaffi Borgum og á Sel Hótelu við Mývatn. Þá er Gamli bærinn í Mývatnssveit notalegur staður að setjast á.

Höfn í Hornafirði

Árleg rithöfundakynning Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar fer fram í Pakkhúsinu þann 5. desember klukkan 20. Lesið verður upp úr nýútkomnum jólabókum.

Vestfirðir

Jólabsar hinna ýmsu félagasamtaka á Flateyri verður haldinn klukkan 15 sunnudaginn 2. desember í Félagshúsi. Íþróttafélagið Grettir verður með vöflusölu og kveikt verður á ljósum jólatrés klukkan 16.

Jólasagan þín

Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömu jólasögu.

Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.

Samkeppnin er öllum opin.

Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólaanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð en að öðru leyti eru efnistösk frjálsl. Sögur skal senda á netfangið jolasaga@frettbladid.is.

Skilafrestur er til 5. desember.

Fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba.

Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjaldtölvur af gerðinni United.

Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.



FRÉTTABLAÐIÐ

Flottur jeppi til sýnis

Arctic Trucks er með fimmtán breytta jeppa á Suðurlandnum í ýmsum verkefnum. Slíkan 44 tommu breytta jeppa má einnig sjá í sýningarsal fyrirtækisins á Kletthálsi.

Í sýningarsal Arctic Trucks má sjá glæsilegan 44 tommu breytta jeppa sem er eins og þeir sem fyrirtækið hefur verið að senda á Suðurlandnum. „Við erum með fimmtán jeppa í ýmsum verkefnum á Suðurlandnum. Þeir hafa reynst mjög vel og eru meðal annars notaðir til að aðstoða fólk í skíðaleiðöngum, starfsmenn jöklarannsóknastofnana nota þá og svo eru þeir alltaf notaðir meira og meira til þess að keyra ferðamenn. Það hefur verið vaxandi straumur ferðamanna á Suðurlandnum undanfarið,“ segir Steinar Sigurðsson, sölu- og rekstrarstjóri hjá Arctic Trucks.

Arctic Trucks er alhliða breyttinga- og dekkjaverkstæði, þar má fá ástandsskoðun og einnig er þar stór verslun. „Við erum umboðsaðili hér á landi fyrir Dick Cepek-dekk sem eru sérstaklega góð fyrir íslenskar aðstæður og margreynd. Þau eru frá 30 tommum til 37 tommu. Einnig bjóðum við upp á sérhönnuð 38“ dekk sem eru gerð fyrir snjóakstur og seld fyrir íslenskar aðstæður. Við höfum selt þau út í heim líka. Auk þess erum við með 44“ Dick Cepek-dekk sem eru vel þekkt af jöklaförum en þau dekk eru eingöngu framleidd fyrir Arctic Trucks og einungis seld hjá okkur.“

Arctic Trucks er einnig framleiðandi álfelga sem eru 17x8 og eru ætlaðar fyrir óbreytta jeppa. Fyrirtækið framleiðir líka 17x10 álfelgur fyrir 35 til 37 tommu breytta jeppa. „Hér getur jeppaáhugamaðurinn fundið allt sem hann vanhagar um,“ segir Steinar.



Hjá Arctic Trucks fær jeppaáhugamaðurinn allt sem hann vantar að sögn Steinars Sigurðssonar, sölu- og rekstrarstjóra.



Arctic Trucks framleiðir bæði sérhönnuð dekk og álfelgur.

SIGLINGAR SAMKYNHNEIGÐRA

Ferðaskrifstofur um heim allan bjóða sérstakar ferðir fyrir samkynhneigða. Mikið er um svokölluð Gay Cruise en þá er siglt um heimsins höf með viðkomu í nokkrum höfnum eins og venja er í skemmtisiglingum almennt. Munurinn er sá að um borð eru eingöngu samkynhneigðir og er dagskráin sniðin að fjölbreyttum áhugamálum þeirra.

Ferðirnar eru bæði hugsaðar fyrir einhleypa og pör. Sum skipin stíla inn á yngri ferðamenn en önnur inn á eldra og ráðsettara fólk sem auðveldar val á ferð sem hentar. Vel er látið af ferðum sem þessum og er mikið um fjölbreytta afþreyingu um borð svo sem líkamsrækt, slökun, skemmtanir, matarveislur og partí. Til að auðvelda valið á hentugri ferð má benda á vefsíðuna Cruise critic.com en þar er að finna sérstakt spjallborð um siglingar samkynhneigðra undir heitinu Gay & Lesbian Cruisers. Spjallborðið er afar virkt og hægt að slá inn ferðaskrifstofuna eða skipið sem ætlunin er að sigla með og vita hvað þeir sem prófað hafa segja um ferðina, aðstöðuna og þjónustuna um borð.



JÓLAMARKAÐUR VIÐ ELLIÐAVATN

Jólmarkaðurinn sívinsæli við Elliðavatn í Heiðmörk verður opnaður laugardaginn 1. desember. Jólmarkaðurinn verður opinn allar helgar fram að jólum milli kl. 11-16. Þar má finna mikið úrval af íslensku handverki og hönnun í sérstökum sóluskúrum sem staðsettir verða þar í desember auk þess sem sömu vörur verða í boði í gamla salnum og í kjallaranum í Elliðavatnsbænum.



Á hlaðinu við bæinn verða nýhöggvin íslensk jólatré til sölu og mikið úrval tröpputrjána vinsælu auk viðarkyndla og eldiviðar. Harmóníkusveitir kíkja í heimsókn og leika lög ásamt kórum og trúbadorum. Veitingar verða seldar á staðnum, þar á meðal nýbakaðar vöflur og kakó. Í Rjóðrinu, sem er trjálundur rétt við Elliðavatnsbæinn, er hægt að setjast á bekkir kringum logandi varðeld og þar verður barnastund haldin þar sem barnabókahöfundur les upp fyrir börnin. Auðvitað kíkja jólasveinar í heimsókn þegar nær dregur jólum og heilsa upp á börn og fullorðna.



STYRKIR TIL FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Fimm aðilar hlutu nýlega styrk frá Ferðamálastofu til skipulags og hönnunar áfangastaða fyrir ferðamenn. Hæsta styrkinn, 2,9 milljónir króna, hlutu Sjávarsmiðjan og Reykhólahreppur til að hanna og þróa heildarmynd fyrir svæðið kringum Sjávarsmiðjuna. Þar er gestum meðal annars boðið upp á þaraböð. Næsthæsta styrkinn hlaut Útihvalasafnið í Súðavík er þar er fyrirhuguð uppbygging útihvalasafns í gömlu byggðinni í Súðavík. Hrutleiðinlega safnið í Hrutafirði hlaut einnig styrk til að endurhanna sýningarrými og inngang safnsins sem er á Reykjum í Hrutafirði. Við Brjánslæk á Barðaströnd standa Flókatóftir en styrkur fékkst til vinnu við hönnun og skipulag tóftanna. Að lokum fékk Óbyggðasafn Íslands styrk en safnið verður byggt upp á sveitabænum Egilsstöðum sem er innsta byggða ból í Norðurdal í Fljótsdal og stendur við þröskuld Vatnajökulsþjóðgarðs. Tuttugu umsóknir bárust til Ferðamálastofu sem skipaði fimm manna dómnefnd til að fjalla um umsóknirnar.

Vor í Róm

með VITA 25. - 29. apríl
Sumardagurinn fyrsti



Upplifðu!

- ✓ Lifandi sögu
 - ✓ Menningu og list
 - ✓ Ástríðufulla matargerð
 - ✓ Hátísku og verslanir
 - ✓ Fortíð, nútíð og framtíð
- Allt í einni og sömu borg

Sagan býr í hverjum steini

Finndu ilminn af ítölsku vori í Róm með öllu sem því tilheyrir. Skoðuðu Péturskirkjuna og Vatíkanið og lyftu andanum með því að skoða undursamleg málverk í Sixtínsku kapellunni. Sagan býr í hverjum steini: Kólosseum, Navónutorg, Panþeon — fortíðin lifnar við hvert fótímál. En Róm er líka nútímaborg með sín rómuðu veitingahús, hátísku og skemmtistaði á heimsmælikvarða. Komdu til Rómar og láttu heillast.

Verð frá **119.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. tvo í tvíbýli með morgunverði í fjórar nætur á hótél Courtyard Rome Central Park. Gott hótél á rólegum stað, aðeins utan við miðbæinn. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 129.900 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



Skráðu þig
í netklubbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið

Aðventuferð til Akureyrar

Akureyri getur verið einstaklega fallegur bær á að líta í desember. Snjór liggur oftast yfir öllu og ljósadýrðin speglast í haffletinum. Ótal margt er þar um að vera á adventunni og nýtur bærinn þeirrar sérstöðu að stutt er á skíðasvæðið í Hlíðarfjalli þar sem nægan snjó er að finna.

Líkt og víða annars staðar á landinu er mikið um að vera á adventunni á Akureyri. Þar er afar jólalegt um að litast og nýfallinn snjó yfir öllu, sem hefur ákveðna kosti í för með sér.

Frábært skíðasvæði opið

Skíðaferð til Akureyrar gæti verið eftirminnileg fyrir alla fjölskylduna. Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli var opnað 25. nóvember síðastliðinn. Þar er nægan snjó að finna, ólíkt skíðasvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Í Hlíðarfjalli eru bæði lyftur og brekkur fyrir fullorðna jafnt sem börn, byrjendur og lengra komna.

Jólahús og jólagarður

Lítið fallegt jólahús stendur í Eyjafirðinum í um 10 mínútna akstursfjarlægð frá miðbæ Akureyrar. Þar snarkar eldur í arni, jólasöngvar hljóma og jólaangan fyllir vitin. Húsið lítur út að utan eins og gert sé úr sætabrauði og innandyrar er hægt að fá ýmsar jólavörur. Við húsið stendur einnig turn sem hýsir heimsins stærsta jóladagatal. Ekki er ólíklegt að síðustu þrettán dagana fyrir jól megi sjá jólasveini bregða fyrir og upplagt að hafa með sér heitan drykk og njóta nestis og næðis í ljósum prýddum garðinum. Opið er frá 14 til 22 alla daga.

Blómstrandi leiklist á Akureyri

Leikfélag Akureyrar sýnir um þessar mundir jólasýninguna Ef ég væri jólasveinn. Leikritið segir frá ungum dreng í Giljaskóla sem á sér þann draum heitastan að vera jólasveinn.

Tilvalið er að skella sér í fjölskylduferð í leikhús eftir skíðaferð í Hlíðarfjalli. Þá er önnur sýning í Ketilhúsinu fyrir fullorðna fólkið. Þar fara stóruleikararnir Þráinn Karlsson, Gestur Einar Jónasson og Aðalsteinn Bergdal á kostum við að leika sjálfa sig; gamla, bitra, geðilla leikara sem halda að þeir séu virtir, dádír og sívinsælir.

Tónlist og menningarlíf

Nóg er um að vera þegar kemur að tónleikahaldi og væri nær að tala um tónleikaveislu. Margir af fremstu tónlistarmönnum landsins munu stíga á stökk á Akureyri. Í menningarhúsinu Hofi verða reglulega tónleikar alla adventuna; KK og Ellen, Frostrósir, Gospelkór Akureyrar, Stúlknakór Akureyrarkirkju, Gissur Páll Gissurarson og margir fleiri munu koma þar fram. Alla daga í desember fram að jólum verður svo lifandi jóladagatal með fjölbreyttri dagskrá. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Menningarhússins Hofs, www.menningarhus.is.

Á Græna hattinum verður svo vegleg tónleikadagskrá þar sem margir af bestu tónlistarmönnum landsins munu koma fram. Helst ber að nefna hljómsveitirnar ADHD, Dúkkulísurnar, Jónas Sig og Ritvélur framtíðarinnar, Hjaltalín, Skúla mennska, Magna, Þórunni Lárusdóttur, Jón Jónsson og fleiri.

Fjöldi annarra viðburða verða á dagskrá á Eyjafjarðarsvæðinu á adventunni. Hægt er að sjá ítarlegt viðburðadagatal á heimasíðunni www.visitakureyri.is auk upplýsinga um staði til að skoða og aðra afþreyingu.



Í jólahúsinu er snarkandi arineldur, upplýstur jólagarður og fallegir jólamunir til sölu.



Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli var opnað 25. nóvember. NORDICPHOTOS/GETTY



Fegurð Eyjafjarðar er óumdeild á stilltum kvöldum þar sem ljósin speglast í haffletinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikfélag Akureyrar sýnir á adventunni jólaeikritið Ef ég væri jólasveinn.



MYNDAKVÖLD FÍ



**Fimmtudagur
29. nóvember kl. 20
Sal FÍ Mörkinni 6**

**Eitt fjall á viku
myndasýning og kynning
Umsjón:
Páll Ásgeir Ásgeirsson**

Aðgangur ókeypis – allir velkomnir



**Skráðu þig inn – drífðu þig út
Ferðafélag Íslands**

SÉRKENNILEGUR MATUR TIL SÝNIS

Ýmis skemmtileg og sérkennileg söfn eru til víða um heim sem einblína á mat og matargerð. Ferðavefurinn Lonelyplanet.com birtir nýlega lista yfir sérkennilegustu söfn þeirrar tegundar í heiminum á vef sínum. Þar má meðal annars finna Evrópska aspaffafnið sem er í bænum Schrobhausen í suðurhluta Þýskalands. Safnið inniheldur upplýsingar um ræktun aspas, næringarupplýsingar og þátt aspas í sögu, menningu og matargerð landsins.

Edik hefur lengi verið notað til matargerðar víða um heim, þar á meðal í Japan. Í bænum Handa stendur Su No Sato ediksafnið en bæjarbúar hafa framleitt edik síðan á fimmtu öld. Upphaflega var edik aukaafurð frá bruggun hrísgrjónavínsins sake. Á safninu má meðal annars fræðast um sögu ediksins og hollustu þess auk þess sem gestum er sýnt hvernig framleiða skal gott edik.

Salamipylsan er miðdepill Salami- og paprikusafnsins í Szeged í Ungverjalandi. Þótt mörgum þyki lítið spennandi að fylgjast með pylsugerð eru Ungverjar frægir fyrir salamipylsurnar sínar. Hægt er að skoða tæki til pylsugerðar og áhugaverðar upplýsingar um sögu og innihald salamipylsunnar. Á efri hæð safnsins er hægt að fræðast um paprikuna sem er mikilvæg uppistaða í ungverskri matargerð.



frá **19.900** kr.
aðra leið með sköttum

Alicante

Sumarið 2013 komið í sölu!



Tenerife í allan vetur og sumarið 2013
Bókaðu núna og tryggð þér hagstætt verð!

Tenerife

Parque Santiago ***

Frá kr. 87.500 í 7 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 99.500 á mann.

Sértilboð 22. maí í 7 nætur með 15.000 króna bókunarfslætti.



Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



HJÓLAÐ UM REYKJAVÍK

Mörgum finnst skemmtilegt að hjóla og gera mikið af því. Algengt er að fólk hjóli í vinnuna en það getur verið gaman að breyta út af venjunn og fara í skipulagða hjólaferð með fjölskyldu eða vinum um borgina. Reykjavík Bike Tours býður upp á ferð sem kallast „Klassísk Reykjavík“. Í henni er hjólað meðal annars um Ægisíðuna, að Háskóla Íslands, Norræna húsinu, Alþingishúsinu, niður að höfn, að Tjörninni og um miðbæinn. Ferðin er sjö kílómetra löng, tekur um tvær og hálf klukkustund og þykir ekki sérstaklega erfið. Í desember og janúar þarf að panta ferðir sérstaklega en einnig verður boðið upp á sérstakar jólaferðir um



hátíðirnar. Þar verður lögð áhersla á að skoða jólaskreytingar og jólaljós í miðborginni.

**AÐVENTUFERÐ Í BÚSTAÐ**

Aðventan getur verið annasöm og það er ýmislegt sem liggur fyrir. Hví ekki að flýja með verk efni í bústað og leysa þau í ró og næði?

Margir hafa aðgang að bústað í fjölskyldunni og svo er víða hægt að leigja. Það má til dæmis taka með sér ýmiss konar aðventuföndur og útbúa það með börnunum. Ef vel tekst til má jafnvel lauma afrakstrinum í jólapakka. Það má líka taka með þær gjafir sem búið er að kaupa og dunda við að pakka þeim fallega inn og njóta um leið kyrrðarinnar í kring. Þá er hægt að skrifa jólakort við kertaljós og maula eitthvað sætmeti á meðan.

Það eru nokkrir hlutir sem er nauðsynlegt að hafa meðferðis þegar haldið er í bústað að vetrarlagi. Þetta eru ullarsokkar, mjúkar buxur, gæðakaffi og kakó fyrir börnin.



Lúxus í Vegas

Í september opnaði nýtt 600 sæta veitingahús á glæsihótelinu Caesars Palace í Las Vegas. Veitingasalurinn er allur hinn glæsilegasti, enda var ekkert sparað. Matreiðslumenn eru framúrskarandi og bjóða einungis fyrsta flokks mat eldaðan eftir kúnstarinnar reglum. Níu matreiðslustöðvar eru á veitingahúsinu, sem heitir Bacchanal Buffet, og þar eru bornir fram að minnsta kosti 500 diskar á dag. Allar innréttingar eru nútímalegar og eftir ströngustu kröfum arkitekta. Hægt er að borða allra þjóða mat, fínan franskan mat, ekta Mexíkó-götumat, sushi, ítalskan, allt eftir smekk hvers og eins. Sumir segja að þetta sé hið fullkomna eldhús þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Máltíð kostar að meðaltali rúmar fimm þúsund krónur á þessu fína veitingahúsi og flestir eru sammála um að það sé upplifun að prófa staðinn, hvort sem maður dvelur á hótelinu eða ekki.

Hótel Caesars Palace í Las Vegas.



flugrútan

Reykjavík Excursions
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kaupu miða núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti.

Frí þráðlaus internet-
tenging í öllum bílum



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is



Skannðu strikamerkið með snjallsímanum þínum

